

Fundargerð 1. skólaráðsfundar

29. október 2018

Mætt á fund: Magnús, Guðrún, Bára, Valla, Ólafur, Guðbjörg Björnsdóttir

Fundartími ákveðinn 3. mánudag í mánuði kl. 15:00

Verkefni þessarar fundar var að fara yfir verkefni skólaráðs samkvæmt reglugerðum og fara yfir hvernig skólabyrjun hefur gengið.

Flestir fulltrúar sitja í tvö ár og reynt verður að koma því við að annar fulltrúinn sé endurnýjaður í einu. Til dæmis eru Vallgerður og Ósk fulltrúar kennara og er þetta annað ár Óskar sem hættir þá í vor og nýr tekur við í haust. Sama með fulltrúa foreldra.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins er sá eini sem endurnýjaður er árlega. Ef nemendur hætta á miðju skólaári, þá þarf að kalla inn varamenn. Nemendur hafa mætt illa og þarf að móta það betur þannig að þeir mæti eða kalli til varamann í staðinn.

Nemendafjöldinn rokkar á haustin en nemendur eru að bætast við reglulega og eru nú 647 nemendur.

Ákveðið var að halda *verunum* okkar og þeirri stoðþjónustu til að bæta hag nemenda okkar.

Verið er að starta læsisáætlun Breiðholts, og komu lesfiminiðurstöður á pari við landið. Við hækkuðum okkur einnig í Læsikönnun sem tekin er að vori í 2. bekk. Allir nemendur sem ekki ná lágmarks eða miðlungsviðmiðum í lesfimi fá inngrip í formi lestrarsprettis afhent á foreldradaginn til þjálfunar heima. Niðurstöður samræmdra prófa komu í dag og á eftir að rýna í niðurstöður.

Í haust hafa áhyggjur af reykingum unglunga farið vaxandi en í þjóðfélaginu hefur viðhorf ungmenna til kanabisreykinga valdið áhyggjum, þ.e. þeir telja þær skaðlausar og veipnotkun unglunga vaxið. Það á líka við nemendur Seljaskóla. Neyslan er komin í nærumhverfið og er ástæða til að vera vakandi fyrir notkun nemenda okkar. Foreldrar „grunaðra“ nemenda hafa allir fengið hringingu frá skólanum.

Forvarnafundur verður fyrir foreldra 6. nóvember og forvarnarfræðsla fyrir unglunga. Foreldrarölt er farið af stað á vegum foreldrafélagsins.

Bókaskápar í Breiðholti, opunarhátíð 16. nóvember.

Þeir verða staðsettir í ÍR heimili, sundlaug Breiðholts, Mjódd, Seljakjör, Hólagörðum. Bókahilla á hverjum stað. Hægt að taka sér bækur.

Nýjar reglur um persónuvernd tóku gildi í sumar og verða því samþykktareyðublöð send foreldrum þar sem þeir leyfa eða hafna að myndir af börnum þeirra birtist á vef skólans.

Það er í umræðu um að stýra betur aðgengi að skólastofum, t.d. hugmynd að foreldrar og aðrir láti vita af sér á skrifstofu skólans

Fjármál skólans eru í yfirkeyrslu. Skólastjóri sendi til SFS uppl. hvernig niðurskurði verði háttað seinni hluta árs. Hann mun senda afrit til skólaráðs. Miklar umræður voru um frumskóg úthlutunar borgarinnar til reksturs skólanna. Stefnt er að skoða nýjar fjárhagstölur á næsta fundi.

Önnur mál:

Stefnt að því að halda fljótlega sameiginlegan fund með foreldrafélagi og nemendaráði.

Munum fljótlega fá til okkar KVAN verkefnið og verður það kynnt starfsmönnum á starfsdegi 22. nóvember.

Vakin var athygli á PEERS námskeiði í félagsfærni fyrir börn og unglunga með ADHD, kvíða og þunglyndi. Námskeiðið er sniðið að þörfum grunnskólans.

Við höfum verið að kenna ART og munum gera það áfram. áfram. Við eru íhlutunarskóli í verkefni sem heitir Upright, verkefnið er liður í að efla félagsfærni nemenda. Einnig erum við íhlutunarskóli varðandi kynfræðsluverkefni.

Við þurfum upplýsingar um nöfn bekkjarfulltrúa skólaárið 2018 – 2019.

Fundarritarar Bára Birgisdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir